

## " Aldrei stundlegur friður



Paul McCartney á leið til Wembley.

Það er ekki tekið út með sældinni að vera heimsfrægur og umsetinn aðdáendum, í að þarf sterk bein til að þola slíkt. Frægustu skemmtikraftar, sem nú eru uppi hafa fengið að kenna á þessu f ríkum mæli. Bítlnarnir gengu meira að segja svo langt, að þeir yfirgáfu aðdáendur sína og héldu til Himalayafjalla til að setjast við fætur Mahesh jóga, heilags manns, sem forðum tíð prédikaði fyrir íslenskum lýð í Stjörnuvísi, þótt hann ku ekki hafa gert sérstaka lukku.

Bítlnarnir hafa nú að vísu gefist upp á handleiðslu þessa ágæta manns, og segja að hann sé mannlegur en ekki heilagur eins og þeir héldu víst fyrst. Þeir hafa engu að síður lært eitt og annað af dvölinni í Himalayafjöllum, meðal annars að taka fagnaðarlátum aðdáenda sinna með jafnaðargeði.

Hérna á myndinni er bítillinn Paul McCartney að fara á völlinn á Englandi til að sjá úrslitin í bikarkeppninni. Aðdáendurnir gerðu aðsúg að honum í hrifningu sinni, en þótt hann væri aðþrengdur tók hann öllu með jafnaðargeði, þótt hann sé ekki sérlega sæll á svipinn. Þess má geta, þótt ótrúlegt sé, að hann slapp heill á húfi gegnum skarann. " (Vísir 27 maí 1968)

# " The Beatles og hrifningaræðið sem þeir valda.

(Umsögn Morgunblaðsins um The Beatles frá árinu 1964. Hér er Bítlaæðið að hefjast og íslensk ungmenni farin að leggja við hlustir með erlendum jafnöldrum sínum og hrífast af þessum ungu Bresku mönnum. Hinir " ráðsettu menn samfélagsins" velta því fyrir sér hvað sé í gangi og spjalla við piltanna sem á köflum svara út í hött af líklega spurningunum sem til þeirra er beint sem líka voru út í hött.


Ljóst er að álit " hinna ráðsettu manna samfélagsins" á þessum 4Bresku mönnum er ekki alveg á hæsta stigi og finnst þeim greinilega lítið til þeirra koma. En þetta voru ekki óalgeng viðbrögð pressunar til að byrja með um hljómlistarmenn almennt á sviði dægurlaga en lagaðist eftir því sem virðingin fyrir The Beatles óx í heiminum og engin fær þrætt fyrri að átti sér stað. Og að því kom að allar dyr stóðu The Beatles opnar og mörgum öðrum tónlistarmönnum einnig. Engin sagði lengur " NEI " við The Beatles og allir vildu fá þá til sín.

Í dag er vart til það mannsbarn í veröldinni sem ekki veit stöðu Bítla og keppast jafnvel eftir því að veita hljómsveitinni allan þann heiður og verðlaunir sem þeir geta fyrir framlag þeirra til tónlistarinnar.

En svona samt hófst þetta mikla Bítlaferðalag og æði sem greip um sig í veröldinni með endalausum efasemdum og sumpart háði í þeirra garð af fjölmiðlanna hendi.

Til gamans má geta þess að Sir Paul McCartney hefur verið á tónleikaferðalagi nú um hríð (2015) sem yfir tvær milljónir manna hafa sótt. Áhugaverð lesning og ágætt innlegg í það hve skammt maðurinn sér.

Innskot KRF 9 mars 2015



1964. Aðdáendur hlusta á the Beatles.

BACH, Beethoven og The Beatles. Þessi undarlega samsetning var á dagskrá í Carnegie Hall fyrir skömmu. Leikin voru verk eftir Bach og Beethoven, en hljómsveitarstjórinn, Leopold Stokowsky, ræddi nokkra stund við áheyrendur, sem voru á gagnfræðaskólaaldri, um The Beatles. Þetta gerðist á tónleikum, sem haldnir voru fyrir skólafólk í New York. Meðan hljómsveitin lék prelúdíu eftir Bach, voru is um hátalara, sem aðstoðarmenn báru um salinn, en þegar The Beatles höfðu einu sinni verið nefndir, var ekki auðvelt að koma á þögn í salnum. Meðan síðasta verkið á dagskránni var leikið, veifuðu aðdáendur The Beatles fánum með myndum af þeim og hljómsveitarstjórinn varð að snúa sér við til þess að biðja um þögn. En hann tók þessu vel og í lok tónleikanna sagði hann áheyrendum, að hann hefði gaman af dægurlögum ekki síður en sígildri tónlist. Hann lofaði einnig að hlusta á The Beatles á næstu skemmtun þeirra í New York. Þetta er sagan um það, hvernig The Beatles komust við hlið Bachs og Beethovens, en hér á eftir fer frá- sögn af þeim sjálfum og æðinu, sem gripið hefur um sig í Bandaríkjunum eftir komu þeirra þangað. The Beatles eru, sem kunnugt er, fjórir ungir menn frá

Liverpool, John, Paul, George og Ringo og um þessar mundir eru plötur þeirra efstar á vinsældalistum í mörgum löndum heims. Frásögnin er byggð á grein um fjórmenningana í bandaríska vikuritinu Newsweek.

„Við getum ekkert sungið, við getum bókstaflega ekki neitt“. segir George og Paul bætir við „en við skemmtum okkur konunglega“. Verið getur, að Paul hafi þarna hitt naglann á höfuðið og ánægjan og lífsfjórið, sem skín út úr unglíngunum fjórum hefji þá yfir aðra hæfileikalaus söngvara, er eiga frama sinn aðeins að þakka dugandi umboðsmanni. The Beatles hafa haldið hljómleika í mörgum ríkjum Bandaríkjanna og hvar sem þessir síðhærðu fjórmenningar stíga á svið, ætlar allt um koll að keyra. Áheyrendur, sem eru flestir unglíngar, stúlkur í meirihluta, hefja þegar óp og hrifningaröskur og sagt er, að það eina af tónlist The Beatles, sem yfirgnæfi áheyrendur séu trumbuslög Ringos. Æstustu áheyrendur The Beatles standa upp í sætum sínum og stappa, stúlkur gráta af hrifningu, sumir reyta hár sitt, aðrir vaggja sér og stara fram fyrir sig eins og dáleiddir. Unglíngarnir segjast ekki þurfa að hlusta á textann, sem The Beatles syngja, kunni þeir utanað. Aðalatriðið sé að æpa.



The Beatles árið 1964.

Ýmsir hafa reynt að skilgreina áhrif The Beatles á unglíngana. Nokkrir eru þeirrar skoðunar, að ástæðan til æðisins sé sú, að unglíngarnir vilji mótmæla hinum fullorðnu, en aðrir telja æðið jákvætt og benda á að unglíngarnir fái útrás, en fullorðna fólkið tækifæri til þess að láta í ljós vanþóknun sína. Margs konar æði hafa gengið yfir Bandaríkin, en sjaldan hafa þau gripið um sig á eins skömmum tíma og Beatles æðið. Fyrir fimm vikum voru The Beatles nær óþekktir í Bandaríkjunum, en segja má að þeir hafi valdið uppböti hvar sem þeir hafa komið á ferð sinni og á síðustu fjórum vikum hafa 2,5 milljónir af hljómplötum The Beatles selst í Bandaríkjunum. Þótt fjórmenningarnir hafi vakið mikla hrifningu vestan hafs, hefur þó hvergi eins mikill æsingur gripið um sig og á skemmtunum þeirra í heimalandi sínu, en þar hefur legið við stórslysum. T.d. vöggðu aðdáendur The Beatles sér svo hraustlega á svölum tónlistarhúss í Glasgow, að svalirnar fóru af stað og litlu munaði að þær hryndu. Um 3,500 menn voru á svölunum. Í sama tónlistarhúsi eyðilögðust 100 sæti á einni Beatlesskemmtun og veggfóður var rífið af veggjum.

Sendiherra Breta í Washington, Sir David OrmsbyGore, bauð The Beatles til móttöku í sendiráðinu. Þegar þeir birtust hrópaði kona milli þrítugs og fertugs: „Þarna koma þeir þessar elskur, ég er

bálskotin í þeim." Önnur kona, ekki lengur á unglingsaldri, dró upp skæri og klippti lokk úr hári Ringos, en hann brást reiður við. The Beatles ræddu í 20 mínútur einslega við sendiherra hjónin, en sendiherrann átti bágt með að toga orð af viti út úr þeim. Hann þekkti þá ekki í sundur og byrjaði á því að spyrja John hvort hann væri John. Hann kvaðst heita Fred, en benti á Georg og sagði: „Þetta er John." Sendiherrann ávarpaði þá Georg og kallaði hann John, en Georg mótmælti og sagðist heita Charlie. Hann benti síðan á Ringo og sagði, að hann væri John. Þannig gekk þetta nokkrum sinnum án þess að sendiherrann fengi rétt svör við spurningum sínum.



Leikkonan Jill Haworth kyssir Paul. Kvisast hefur að þau séu trúlofuð.

Einn vinur The Beatles segir, að þeir séu mjög samrýmdir og rifist aldrei. Þeir séu dómharðir um menn, komi oft ruddalega fram, séu spjátrungslegir og sjúklega annt um hár sitt. Þeim sé alveg sama þótt gert sé grín að þeim, en móðgist, ef einhver stingi upp á því að þeir klippi sig. Einnig telji þeir að skemmtun sé misheppnuð ef þeir heyri í sjálfum sér fyrir hrifningarópum áheyrenda.

The Beatles bregða oft á leik utan sviðs og eru með allskonar skrípalæti. Þegar þeir voru á leið til Washington með einkajárnbrautarlest, var kvikmyndatökumaður frá United Artists að taka kvikmynd af þeim. Ringo gat ekki stillt sig og fór að klifra yfir sætin og líkja eftir apa. Síðan safnaði hann tólf myndavélum um hálsinn og hrópaði: „Afsakið! Aðeins fyrir Life Magazin! Ég er myndavél! George smitaðist af skrípalátum félaga síns og klifraði upp í

farangursnetið fyrir ofan sætin, þar lá hann, þegar Ringo birtist á ný í ljósum pels með hvítan kvenhatt, en stökk þá niður úr netinu, setti á sig svuntu, gekk um og bauð gosdrykki. Paul var að taka myndir út um lestargluggann, en gerði hlé á til þess að svala þorstanum. John var sá eini, sem ekki lét trufla sig. Hann sat í einu horni vagnsins og tautaði: „Gaman, gaman".

Beatles eru allir frá Liverpool, og þar búa þeir enn, þegar þeir eru ekki á ferðalögum. Þeir eru allir aldir upp á fátækum miðstéttarheimilum. John Lennon er 23 ára, kvæntur og á sex mánaða son; Paul McCartney er 21 árs; George Harrison 22 ára og Ringo Starr 23 ára. Kvisast hefur að Paul sé trúlofaður bandarísku leikkonunni Jill Haworth. John, Paul og George stunduðu nám í sama gagnfræðaskóla. Paul og George fóru síðan í menntaskóla, en John stundaði stuttan tíma nám í málalalist við Listaskóla Liverpool. Ringo, sem hlotið hefur þetta nafn vegna þess að hann hefur alltaf þrjá til fjóra hringi á hverri hendi, heitir raunverulega Richard Starkey. Hann hefur lítið stundað skólanám. Hann þjáðist lengi af brjósthimnubólgu og einnig hefur hann verið skorinn upp fjórtán sinnum við magasjúkdómi. Hann er mjög fögur og dálítið umkomu laus að sjá. Talið er að þess vegna sé hann vinsælastur fjórmenninganna meðal bandarískra stúlkna.

Beatles hafa lengi verið meðlimir í félagi dægurlagahljómsveitamanna í Liverpool, en í því eru nú um 400 hljómsveitir, og alla dreymir um sömu frægð og Beatles hafa hlotið. Liverpool e. ck borg, og

atvinnuleysi mikið þar. Ritstjóri blaðsins, sem félag dægurlagahljómsveitarmanna í borginni gefur út, segir, að nú sé dægurlagaleikur og söngur eina leiðin, sem efnalitlir piltar geti farið til þess að verða ríkir á sama hátt og hnefaleikarar í byrjun aldarinnar.

Þrír af The Beatles, John, Paul og George, hafa leikið í sömu hljómsveit frá 1955. Þá hét hljómsveitin Quarrymen Skiffle Group og í henni voru fimm menn. Nafninu var síðan breytt í The Moondogs og þar næst í The Beatles. Fyrstu árin léku Beatles á dimmum knæpum í Liverpool, en 1959 kom næturklúbbseigandi í borginni þeim í samband við skemmtistað á Reeperbahn í Hamborg. Þar léku þeir og sungu og létu öllum illum látum. Vinsældir þeirra jukust stöðugt. Það var í Hamborg, sem hin fræga hárgreiðsla The Beatles mótaðist. Dag einn fór Georg í sundlaug í borginni. Hann lét hár sitt þorna ógreitt, og það varð eins og hár fjórmenninganna er nú.



Þegar Beatles komu aftur heim til Liverpool, hafði spurst um vinsældir þeirra í Þýskalandi, og þeir fengu betri samninga en áður. Árið 1961 var þess farið á leit við ungan eiganda hljómplötuverslunar, að hann léti taka söng The Beatles upp á hljómplötu. Hann féllst á það og varð svo hrifinn, að hann gerðist umboðsmaður þeirra. Hann heitir Brian Epstein. Epstein segir, að Beatles hafi verið mjög luralegir til fara, þegar hann hitti þá fyrst, en hann hafi fengið þá til þess að klæðast sómasamlegum fötum á söngskemmtunum í stað rifinna gallabuxna og leðurjakka. Epstein fékk E. M.I. hljómplötufrýrtækið til þess að taka söng og leik Beatles upp á plötu, en forstöðumenn þess stungu upp á að þeir fengju sér nýjan trommuleikara. Þetta var 1962, og þá slóst Ringo í hópinn. Fyrsta plata þeirra „Love Me Do“ varð númer 17 á vinsældalista í Bretlandi, en sú næsta "Please, Please. Me" komst í fyrsta sæti

á listanum. Þriðja platan „She Loves You“ seldist í milljón eintökum, og nú hafa selst 11 milljónir eintaka af hljómplötum The Beatles. "

(Morgunblaðið 23 febrúar 1964)